

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 2009 í máli nr. E-521/2007:

Garðabær

(Ása Ólafsdóttir hrl.)

Ingunn Ingvadóttir

Víðir Jóhannsson

Júlíana Karlsdóttir

Karl K. Þórðarson

Valgerður Guðmundsdóttir

Heiða Karlsdóttir

Sigurjón Heiðar Hreinsson

Jóakim Snæbjörnsson

Guðfinna Snæbjörnsdóttir

Anna S. Snæbjörnsdóttir

Ólafur Tryggvi Snæbjörnsson

Margrét Snæbjörnsdóttir

Guðrún Snæbjörnsdóttir

Helga Snæbjörnsdóttir

Auðbjörg Guðný Eggertsdóttir

Sigurður Eggertsson

Klemens Eggertsson

Einar Hafsteinn Árnason

Kirkjubrú –Íbúðasvæði ehf.

Edvard Hallgrímsson

Ólafur Stefán Sveinsson

Jón Gunnar Gunnlaugsson

Klemens Gunnlaugsson

Þrúður Gunnlaugsdóttir

Friðrik Ingvi Jóhannsson

Anna Þorbjörg Jónsdóttir

Jóhanna Jónsdóttir

Ásthildur Jónsdóttir

Elín Jóhannesdóttir

Snorri Jóhannesson

Sturla Jóhannesson

Jónas Jóhannesson

Ingvar Örn Sighvatsson

Þórarinn Sighvatsson

Þórður Sighvatsson

Alda Guðbjörnsdóttir

Anna B. Guðbjörnsdóttir

Gróa Guðbjörnsdóttir

Ragnhildur Nikulásdóttir

Reynir Guðbjörnsson

Þorgerður Erlendsdóttir

Júlíana Brynja Erlendsdóttir

Sveinn Erlendsson

Hugborg P. Erlendsdóttir

Elísabet M. Vestdal

Jóhannes F. Vestdal

Kirkjubhvoll sf.

Erlendur Sveinsson

María Birna Sveinsdóttir

Auður Sveinsdóttir

Guðlaug Haraldsdóttir

Helgi Már Haraldsson

Brynja Jóhannsdóttir

Guðmundur Bjarni Jóhannsson

Viðar Jóhannsson

Þorgils Jóhannsson

Magnús Jóhannsson

Margrét Gunnarsdóttir

Jóhann Gunnarsson

Tinna Rós Gunnarsdóttir

Úlfar Ármannsson

Svavar Gunnarsson

Pétur Hrafn Ármannsson

Erla K. Gunnarsdóttir

Stefán Rafn Eypórsson

Elsa Sigrún Eypórsdóttir

Þórunn Árnadóttir

Auður Þorbergsdóttir

Jóhanna Jónsdóttir

db. Erlendar Björnssonar og Katrínar Jónsdóttur

Elísabet Reykdal og

Sveitarfélagið Álftanes

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Sigurður Gísli Gíslason hrl.)

Hafnarfjarðarkaupstað (Réttargæsla)

(Jón Höskuldsson hrl.)

Prestssetrasjóði (Réttargæsla)

db. Hrefnu Karlsdóttur (Réttargæsla) og

db. Helgu Ingimundardóttur (Réttargæsla)

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, að undangengnum endurteknum munnlegum málflutningi, er höfðað 28. desember 2006 með þremur stefnum,

í fyrsta lagi af Garðabæ,

í öðru lagi af eigendum 2/3 hluta Selskarðs, þeim Jóhönnu Jónsdóttur, Furugerði 1, Reykjavík og db. Björns Erlendssonar og Katrínar Jónsdóttur og

í þriðja lagi af eigendum gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna, þ.e. Ingunni Ingvadóttur, Þórsmörk, Garðabæ, vegna Oddakots,

Víði Jóhannssyni, Fagurhólstúni 8, Grundarfirði, Júlíönu Karlsdóttur, sama stað, Karli K. Þórðarsyni, Hliðsnesi 3, Álftanesi, Valgerði Guðmundsdóttur, sama stað, Heiðu Karlsdóttur, Smáratúni 6, Álftanesi og Sigurjóni Heiðari Hreinssyni, Álftanesi, vegna Hliðsness,

Jóakim Snæbjörnssyni, Meistaravöllum 7, Reykjavík, Guðfinnu Snæbjörnsdóttur, Hrísmóum 3, Garðabæ, Önnu S. Snæbjörnsdóttur, Núpaland 6, Kópavogi, Ólafi Tryggva Snæbjörnssyni, Hraunbæ 111a, Reykjavík, Margréti Snæbjörnsdóttur, Andrésbrunni 14, Reykjavík, Guðrúnu Snæbjörnsdóttur, Arnartanga 36, Mosfellsbæ og Helgu Snæbjörnsdóttur, Suðurtúni 24, Álftanesi, vegna Melshúsa,

Auðbjörgu Guðnýju Eggertsdóttur, Melateigi 8, Akureyri, Sigurði Eggertssyni, Tjarnarlandi, Álftanesi og Klemens Eggertssyni, Miðskógum 20, Álftanesi, vegna Skógtjarnar,

Einari Hafsteini Árnasyni, Brekku, Álftanesi, vegna Brekku og Brekku-Bjarnar kots,

Kirkjubrú-Íbúðasvæði ehf., Dalvegi 2, Kópavogi, Edvard Hallgrímssyni, Súlunesi 12, Garðabæ og Ólafi Stefáni Sveinssyni, Ljósalandi 1, Reykjavík, vegna Brekku-Kirkjubrúar,

Jóni Gunnari Gunnlaugssyni, Brekkukoti, Álftanesi, Klemens Gunnlaugssyni, Hofi, Álftanesi og Þrúði Gunnlaugsdóttur, Sóleyjarrima 17, Reykjavík, vegna Svalbarðs,

Friðriki Ingva Jóhannssyni, Sviðholti, Álftanesi, Önnu Þorbjörgu Jónsdóttur, Lindasmára 95, Kópavogi, Jóhönnu Jónsdóttur, Sviðholti, Álftanesi og Ásthildi Jónsdóttur, Vogatungu 31, Kópavogi, vegna Sviðholts,

Elínu Jóhannesdóttur, Litlabæjarvör 15, Álftanesi, Snorra Jóhannessyni, Litlabæjarvör 16, Álftanesi, Sturlu Jóhannessyni, Litlabæjarvör 11, Álftanesi, Jónasi Jóhannessyni, Hraunbæ 178, Reykjavík, Ingvari Erni Sighvatssyni, Miklubraut 60, Reykjavík, Þórarni Sighvatssyni, Tjarnarási 5, Stykkishólmi og Þórði Sighvatssyni, Litlabæjarvör 13, Álftanesi, vegna Litlabæjar og Sveinskots,

Öldu Guðbjörnsdóttur, Heimatúni 2, Álftanesi, Önnu B. Guðbjörnsdóttur, Hvamma braut 2, Hafnarfirði, Gróu Guðbjörnsdóttur, Túngötu 19, Álftanesi, Ragnhildi Nikulásdóttur, Sóleyjarhlíð 1, Hafnarfirði og Reyni Guðbjörnssyni, Hákotsvör 1, Álftanesi, vegna Hákots,

Þorgerði Erlendsdóttur, Hvassaleiti 123, Reykjavík, Júlíönu Brynju Erlendsdóttur, Vogaseli 9, Reykjavík, Sveini Erlendssyni, Blikastíg 2, Álftanesi og Hugborgu P. Erlendsdóttur, Blikastíg 7, Álftanesi, vegna Akrakots,

Elísabet M. Vestdal, Jóhannesi F. Vestdal, Breiðabólstað, Álftanesi, Kirkjuhvoli sf., Kirkjutorgi 4, Reykjavík, Erlendi Sveinssyni, Miðbraut 8, Seltjarnarnesi, Maríu Birnu Sveinsdóttur, Jörfa, Álftanesi, og Auði Sveinsdóttur, Safamýri 53, Reykjavík, vegna Breiðabólstaðar,

Guðlaugu Haraldsdóttur, Helga Má Haraldssyni, Grænlandsleið 42, Reykjavík, Brynju Jóhannsdóttur, Klapparhlíð 3, Mosfellsbæ, Guðmundi Bjarna Jóhannssyni, Skúlagötu 78, Reykjavík, Viðari Jóhannssyni, Auðbrekku 2, Kópavogi, Þorgils Jóhannssyni, Sóleyjarrima 11, Reykjavík, Magnúsi Jóhannssyni, Hraðastöðum 4, Mosfellsbæ, Margréti Gunnarsdóttur, Háahvammi 7, Hafnarfirði, Jóhanni Gunnarsyni, Drápuhlíð 17, Reykjavík, Tinnu Rós Gunnarsdóttur, Framnesvegi 12, Reykjavík, Úlfari Ármannssyni, Asparvík, Álftanesi, Svavari Gunnarssyni, Austurtúni 17, Álftanesi, Pétri Hrafni Ármannssyni, Sólheimum 25, Reykjavík, Erlu K. Gunnarsdóttur, Laugarnesvegi 87, Reykjavík, Stefáni Rafni Eypórssyni, Akurgerði, Álftanesi, Elsu Sigrúnu Eypórsdóttur, Brúarflöt 4, Garðabæ og Þórunni Árnadóttur, Tjörn, Álftanesi, vegna Eyvindarstaða,

Auði Þorbergsdóttur, Þórukoti, Álftanesi, vegna Þórukots,

Jóhönnu Jónsdóttur, Furugerði 1, Reykjavík og db. Björns Erlendssonar og Katrínar Jónsdóttur, vegna Selskarðs,

Elísabet Reykdal, Setbergi, Hafnarfirði, vegna Setbergs

og Sveitarfélaginu Álftanesi, vegna Hliðs, Hliðsness, Haukshúsa, Bjarnastaða, Deildar, Traðar, Landakots, Báruhaugseyrar og Kasthúsa.

Stefndi er íslenska ríkið.

Réttargæslustefnt er Hafnarfjarðarbæ, Prestssetrasjóði, db. Hrefnu Karlsdóttur og db. Helgu Ingimundardóttur.

Þann 1. október 2007 úrskurðaði dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur að allir dómaraar við þann dómstól vikju sæti í málinu. Fól dómstólaráð undirrituðum dómara meðferð þess í framhaldi af því.

Dómkröfur stefnenda, Garðabæjar og eigenda gamalla lögbýlisjarða í Álftanes hreppi hinum forna hljóða um að felldur verði úr gildi úrskurður Óbyggðanefndar í málinu nr. 2/2004: Stór-Reykjavíkursvæðið, frá 31. maí 2006, að því er varðar þjóðlendur á landsvæði sem nefnt er Almenningskógar Álftaness innan neðan greindra marka:

A. Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell.

B. Frá Markrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur til vesturs að fyrrnefndu Markrakagili í Undirhlíðum.

Þá er krafist viðurkenningar á því að innan framangreindra merkja sé engin þjóðlenda.

Stefnendur, framangreindir eigendur Selskarðs, krefjast þess að sami úrskurður verði ógiltur að því er varðar þjóðlendur innan landsvæðis sem nefnt er Garðakirkju land innan þeirra marka sem lýst er í B. lið hér að framan. Þá er krafist viðurkenningar á því að á Garðakirkjulandi sé engin þjóðlenda. Ennfremur er þess krafist að ógilt verði málskostnaðarákvörðun Óbyggðanefndar í málinu að því er varðar Björn Erlendsson og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað við málsmeðferð hjá Óbyggðanefnd, 1.350.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Allir stefnendur krefjast þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu.

Stefndi, íslenska ríkið, krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar.

Réttargæslustefndi Hafnarfjarðarbær krefst málskostnaðar úr hendi stefnenda, en gerir ekki aðrar kröfur af sinni hálfu.

Aðrir réttargæslustefndu hafa ekki látið málið til sín taka.

Dómari hefur gengið á vettvang ásamt lögmönnum aðila og fulltrúum þeirra.

I.

Málavöxtum er lýst svo af hálfu stefnanda Garðabæjar, að lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta hafi tekið gildi 1. júlí 1998. Samkvæmt þeim starfi sérstök nefnd, Óbyggðanefnd, sem hafi það hlutverk samkvæmt 7. gr. laganna að kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendna sem nýttur er sem afréttur og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Hafi nefndin með bréfi dags. 27. október 2003 tilkynnt fjármálaráðherra að hún hefði tekið til meðferðar landsvæði sem tók yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum, auk þess hluta Árnessýslu sem ekki hafði verið tekin afstaða til. Stefnandi hafi lýst kröfum til Óbyggðanefndar og hafi verið á þær fallist að öðru leyti en því að land í svokölluðum Almenningskógum Álftaness, sem einnig hafi verið nefndir Álftanesskógar, hafi ekki verið talið eignarland stefnanda. Hafi það verið niðurstaða Óbyggðanefndar að það land teldist þjóðlenda. Sé stefnanda nauðsynlegt að fá felldan úr gildi úrskurð Óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Almenningskóga Álftaness, og jafnframt viðurkennt að landsvæðið teljist ekki þjóðlenda.

II.

Þeir stefnendur sem höfðu málið sameiginlega sem eigendur gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna lýsa málavöxtum svo að þeir hafi krafist viðurkenningar á því fyrir Óbyggðanefnd að allt land innan nánar greindra merkja, sem hafi verið afmörkuð á uppdrætti, yrði talið eignarland jarða þeirra í óskiptri sameign. Hafi kröfurnar byggst á merkjalýsingu dagsettri 21. júní 1849 fyrir Almennung Álftaness.

Almenningskógar Álftaness, sem einnig hafi verið nefndir Álftanesskógar og afréttur Álftaness, hafi frá fornu fari verið sameign eigenda gamalla lögbýlisjarða Álftaneshrepps hins forna. Norðvestan þessa lands sé Garðakirkjuland, nú eign Hafnarfjarðarbæjar (fyrir utan beitarrétt landsins), að norðaustan sé afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, að suðaustan land Selvogs og að suðvestan land Krýsuvíkur. Þessu landi hafi stundum verið ruglað saman við svokallaðan „Almennung“ í landi Hraunsjarða sunnan Hafnarfjarðar, en þar sé nú eignarland jarðanna samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar. Hafi aukið ruglingshættuna að þar séu einnig skógar sem nýttir hafi verið.

Í Landnámu sé frá því greint að Ásbjörn Össurason, bróðursonur Ingólfs Arnarsonar, hafi búið á Skúlastöðum. Hann hafi numið landið milli Hraunsholtslækjar og Hvassahrauns og Álftanes allt. Munnmæli hermi að Skúlastaðir hafi verið þar sem

Skúlastaðahraun er, sem sé norðan við Lönguhlíðarhorn, innan Almenningskóga Álftaness.

Heimildir um sameignarlandið séu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, en hlutinn um Vatnsleysustrandarhrepp hafi verið gerður á dögumum 24. september til 6. október 1703. Inni í hreinriti Jarðabókarinnar sé laus miði, sem útgefandinn hafi prentað neðanmáls við Þóroddskot, sem hafi verið þriðja hjáleiga Hvassahrauns. Efni miðans fjalli meðal annars um kóngsland og sé svohljóðandi:

„Það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvassahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi, so sem við taglið á Kapelluhrauni. Þá kemur Garðastaðarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur til það, sem Innnesíngar kalla kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllunum inn að Elliðaám og upp undir Hellirsheiði, fyrir ofan Vífilsstaði, Urriðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina. Er þetta land eigi sjerdeilis kóngsland þó það svo kallað sje, heldur er það so sem afrjettur eður óskift land þeirra kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi.“

Jarðir þær, sem konungur hafi átt í Garðahreppi/Álftaneshreppi, hafi áður verið í eigu Viðeyjarklausturs, sem konungur hafi slegið eign sinni á, eða Skálholtsstóls. Hafi Skálholtsbiskup verið látinn skipta á jörðum við konungsvaldið með hirðstjórabréfi 27. september 1563. Um 1700 hafi nær allar jarðir í hreppnum verið í eigu konungs eða Garðakirkju.

Almenningskógar Álftaness séu skilgreindir sérstaklega í greinargerð umsjónar manns almennings Álftaness og merkjalýsingu, dags. 21. júní 1849, sem hafi verið þinglesin á manntalsþingi í Görðum á Álftanesi 22. júní 1849 og skráð á sama tíma inn í kaup- og veðmálabókina. Lýsingin sé þannig:

„Með því mjer er á hendur falið í brjefi til mín af 19 Juni næstliðið ár frá viðkomandi herra sýslumanni /.../ að boði Stifamtisins umsjón þess almennings, sem er að finna í Alptaneshrepp, þá orsakast jeg til að lysa þess almennings takmörkum fyrir alþýðu á manntalsfundinum í Görðum innan þess sama hrepps, sem jeg veit glöggast fráskilið annara eignum og er því að álíta sjerškilið almennings sameignar land gamalla lögbílisjarða í Alptaneshrepp, hvers takmörk eru þessi. Fyrst milli Garðakirkju fjallands, ur steinhusi suður í markagil á Marraka eða undirhlíðum þaðan á Hæstaholt, á Dauðadölum á annan veg ur Dauðadölum norður í Húsfell af Húsfelli upp á Þríhnjúka þaðan á suðurenda Blafells, á milli afrjetta Alptanes og seltjarnarneshreppa. A milli Gullbríngu og Arnessyslva af Bláfjöllum vestur á Kistufell. A milli Alptaneshrepps og almennings og Krísivíkur lands af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradalsbrún þaðan í Marrakagil, so í þúfu á fjallinu eina þaðan í Helguflöt norðaná Buðarhólum. A milli jarðanna Heimalands og afrjettar af Buðarhólum eptir Buðarhólagjá, þaðan aptur í Steinhús. Þetta ofantalið afrjettar og almennings land, sem er að finna fráskilið annara eignum lísi jeg til rjettarins fullkonnari úrskurðar gamallra lögbylisjarðajarða afrjettur að öðru nafni almenningsland í Alptaneshrepp með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna.“

Stefnendur taka fram að árið áður hafi sýslumaður friðlýst Almenningskógana og svo verið framkvæmd áreiðargjörð vegna „Almenningsins“ hjá Hraunajörðum.

Deilur hafi risið um eignarhald á almenningi Hraunsjarðanna en segja megi að land innan Almenningskóga Álftaness hafi verið ágreiningslaust.

Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnum 14. desember 1971, hafi meðal annars verið dæmt um suðurmerki Hafnarfjarðarlands, en byggt hafi verið á því að Garðakirkjuland væri innan bæjarins. Niðurstaða dómsins hafi verið sú að landamerki Hafnarfjarðarlands að sunnanverðu væru „... bein lína frá Markraka, punktinum D, í Dauðadölum, í punktinn M í Markrakagili og fylgi mörkin síðan markalínu Krýsuvíkur“. Hafi niðurstaðan meðal annars verið reist á landamerkjabréfi Garðakirkju frá 1890. Hafi sagt í niðurstöðu dómsins: „Milli norðurmarka Krýsuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar samkvæmt framanrituðu myndast geiri á landsvæði því sem nefnt er Leirdalur og Dauðadalir, því framangreindar markalínur koma fyrst saman í Markrakagili. Virðist þessi geiri vera hluti þess landsvæðis sem samkvæmt gögnum málsins má ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur.“ Þessum dómi hafi ekki verið áfrýjað.

Í niðurstöðu Óbyggðanefndar segi meðal annars:

„Óbyggðanefnd telur að afréttur þessi kunni að hafa verið að öllu eða einhverju leyti innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpinn beinum eignarrétti. Að námi svæðisins er vikið hér fyrr sbr. kafla 6.2. Þar kemur m. a. fram sú afstaða Óbyggðanefndar að ekki sé sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttu sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en alla jafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kunni hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda bendi slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því niður fallin. Að öllu þessu virtu er það mat Óbyggðanefndar að norðausturhluti Almenningskóga sé afréttur Álftaneshrepps hins forna. Telur nefndin að afrétturinn sé svokallaður samnotaafréttur og að frásögn Landnámu um upphaflegt nám svæðisins skipti ekki máli við mat á tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til afréttar Álftaneshrepps hins forna hafi orðið til á þann veg, að íbúar á svæðinu hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Að slepptum rétti til skógartekju hefur ekki verið sýnt fram á að jarðir hafi átt þar önnur réttindi. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Prests setrasjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar og eigenda gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignar land. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn Óbyggðanefndar leiðir einnig til

þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.“

Úrskurðað hafi verið að nær helmingur landsins væri innan Krýsuvíkurlands skv. dóminum frá 1971 og hinn hlutinn væri þjóðlenda, mestur hluti hennar væri svo afréttur stefnenda en mjó sneið eða þríhyrningur væri án allra afréttarnota og eingöngu þjóðlenda, þ.e. svæði B í kröfugerð hér að framan. Óbyggðanefnd hafi svo talið Hæstaréttardóm frá 1996 varðandi stjórnslumörk Ölfushrepps og norðanliggjandi sveitarfélaga marka afréttarlandið úr Bláfjallahomi í Litla Kóngsfell.

Stefnendur kveðast ekki geta unað þessari niðurstöðu og verði þeir að krefjast ógildingar úrskurðarins að því er land þeirra varði. Útdráttur úr úrskurðinum hafi verið birtur í Lögbirtingablaði 28. júní 2006, svo sem mælt sé fyrir um í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1998. Sé málið höfðað með stoð í 19. gr. sömu laga.

III.

Í málavaxtalýsingu eigenda hluta Selskarðs er rakið að er Hafnarfjarðarbær hafi eignast það landsvæði sem kröfugerð þessara stefnenda tekur til, hafi beitarréttur þeirra verið undanskilinn. Eigi Selskarð því beitarrétt á þessu svæði. Hafi bæði Hafnarfjarðarbær sem eigandi grunneignarréttar og stefnendur, eigendur Selskarðs, sem beitarréttareigendur, haft uppi andmæli við kröfum stefnda fyrir Óbyggðanefnd. Í úrskurði nefndarinnar séu þjóðlendumörk sunnan Hafnarfjarðar skilgreind sem oddhvas þríhyrningur, með stefnu spíssins til vesturs út frá þjóðlendulínu afréttar Álftaneshrepps hins forna. Nyrðri lína þessa þríhyrnings virðist fylgja dæmdri markalínu Hafnarfjarðarbæjar, sbr. dóm landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964, en syðri línan fylgi dæmdum mörkum Krýsuvíkur skv. sama dómi. Vestari endi þríhyrningsins virðist ná að línu sem dregin er frá Vatnsskarði að Steinhúsi. Vestari hluti þessa þríhyrnings, og u.þ.b. helmingur hans, sé innan Garðakirkjulands, sbr. merki á landi Garðakirkju á Álftanesi, samkvæmt máldögum og fornum skjölum og lögum nr. 13 frá 22. október 1912, sem staðfesti sömu merki og getið sé um í merkjalýsingu frá 7. júní 1890. Stefnendur geti með engu móti unað þessari niðurstöðu Óbyggðanefndar enda gangi hin úrskurðaða þjóðlenda inn á beitarréttarland þeirra og verði þeir því að krefjast ógildingar úrskurðarins að því er land þetta varðar.

IV.

Stefnandi Garðabær byggir á því að til eignarréttar á landsvæðinu hafi stofnast fyrir nám, sbr. það sem að framan er rakið um landnám Ásbjörns Össurarsonar. Hafi Skúlastaðir staðið þar sem munnmæli segja, norðan við Lönguhlíðarhorn, séu líkur til að Almenningskógalandið og Garðaland hafi verið hluti af landnámsjörð Ásbjörns, sem vegna legu sinnar og landkosta hafi síðar orðið að upprekstrarlandi Garðahrepps.

Þá sé á því byggt að Almenningskógar Álftaness hafi frá fornu fari talist afréttar land jarða í Garðahreppi, enda hafi Garðabær, áður Garða- og Álftaneshreppar, sem og þær jarðir sem séu innan Garðabæjar, haft ýmiss háttar not af landinu í gegnum aldirnar. Sé jafnframt á því byggt að stefndi hafi selt og afsalað stefnanda nánar greindum jörðum sem áður hafi tilheyrt Görðum, svo og hluta úr Vífilsstöðum og þar með öllum réttindum sem þessar jarðir hafi átt innan marka Almenningskóga

Álftaness, enda hafi þau ekki verið sérstaklega undanskilin. Að auki sé byggt á því að almenningskógalandið sé aðliggjandi lögsagnarmörkum Garðabæjar og liggi í beinu framhaldi af eignarlandi sveitarfélagsins, svokölluðu Garðalandi, en bæði landsvæðin, Almenningskógarnir og Garðaland, hafi talist undirorpin beinum eignarrétti Garðahrepps. Auk framangreinds sé byggt á því að eignar- og afnotaréttur að landsvæðinu hafi einnig tilheyrt öðrum jörðum sem Garðabær hafi verið eigandi að fyrir árið 1992. Því sé um stjórnarskrárvarinn eignarrétt stefnanda að ræða að því svæði sem kröfugerð hans lúti að. Sé mótmælt því að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum.

Í merkjalýsingunni frá 21. júní 1849, sem getið er hér að framan, komi fram að landið sé sérskilið almennings sameignarland gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi og fráskilið annarra eignum. Hafi í þessu falist allar mikilvægustu heimildir sem eignarréttur hafi getað veitt eiganda, auk þess sem afnotaréttinum hafi fylgt öll gæði sem þar hafi verið að finna.

Þá kveðst stefnandi byggja á því að máldagar eign Garðakirkju afrétt í Múlatúni, sem álituð sé að hafi verið innan Almenningskóga Álftaness.

Þá sé byggt á því að ýmsar heimildir séu til um notkun stefnanda og jarða í eigu stefnanda af Almenningskógalandinu. Þannig sé mælt fyrir um friðlýsingu Almenningskóga í Álftaneshreppi, fjallað um að skóglendi skuli njóta verndar og að beit sé bönnuð, eins og fram komi t.d. í friðlýsingu dags. 19 júní 1848 sem upp hafi verið lesin í manntalsþingsréttinum að Görðum þann 20. júní 1848. Túlka megi slík fyrirmæli sem sterka vísbendingu um að landið hafi þá verið talið fullkomið eignarland hreppsins, auk þess sem skógur hafi verið ræktaður á svæðinu að tilstuðlan stefnanda. Margt sé til marks um skógrækt á svæðinu að tilstuðlan stefnanda. Megi í dæmaskyni nefna samning Skógræktarfélags Garðabæjar, Skógræktarfélags Álftaness, Skógræktarfélags Íslands, Garðabæjar og Bessastaðahrepps um ræktun Landgræðsluskógar innan hins forna Almenningskógar Álftaneshrepps, dags. 11. júní 1999. Einnig megi vísa til erindis Skógræktarfélags Garðabæjar til Óbyggðanefndar, dags. 17. febrúar 2004, þar sem lýst sé skógrækt á svæðinu.

Þá komi fram í landamerkjabréfi frá 2. júní 1848 að land Almenningskóga Álftaneshrepps hafi verið nýtt til beitar og skógyrkingar. Virðist sem skóglendi hafi verið á landinu upp til fjalls, skv. því sem þar er rakið. Þá segi í landamerkjabréfinu að sýslumaður hafi við gerð þess lagt fram bréf frá stiftsprófasti, þar sem hann gefi til kynna að jarðabókin frá 1760 eign nokkrum Garðakirkjujörðum og prestsetrinu Görðum skógarhögg í Almenninum, og óski hann að þetta verði tekið til greina. Hafi þetta bréf verið innfært í landamerkjabréfið.

Þá megi jafnframt benda á að við Húsfell sé Rjúpnadyngnahraun. Yfir syðsta hluta svæðisins liggi Bláfjallavegur norðvestan við Kristjánsdali, en Kristjánsdalshorn sé fjallsás vestan við Þríhnúka norðan Kristjánsdala. Í Lýsingu Garðaprestakalls 1842 eftir Árna Helgason sé greint frá því að þar sé „gott beutiland fyrir sauðfé á sumardag”. Í ritinu Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar sé á bls. 142 fjallað um Stórkonugjá, sem sé staðsett norðaustan við Kóngsfell (Litla-Kóngsfell). Þar sé vitnað til Lýsingar Selvogsþinga 1840 eftir séra Jón Vestmann, þar sem segi um Stórkonugjá: „Annars er pláss þetta, eins og allur fjallgarðurinn vestanvert efsta og

fjarsta afréttarpláss Alptnesinga ... “.

Stefnandi kveðst jafnframt byggja á þeirri meginreglu íslensks réttar að þinglesnum heimildum verði ekki hnekkt nema fyrir liggi óbyggjandi sönnun þess að þær séu rangar. Þessi meginregla birtist meðal annars í 71. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála. Bendir stefnandi á dóm Hæstaréttar á bls. 16 í dómasafni réttarins frá 1961, þar sem rétturinn segi þinglesin landamerkjabréf hafa opinbert trúgildi (publica fides). Sá sem véfengi þinglýstar heimildir beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum samkvæmt almennum reglum. Ekki hafi verið ætlunin með þjóðlendulögum að haggja við sönnunarreglum íslensks réttar og af þessu leiði að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að lýsingar eins og þær birtist í þinglýstum heimildum séu rangar. Að auki hafi stefnandi mátt byggja rétt á slíkum eignar heimildum og hafi því haft réttmætar væntingar til eignarréttar á svæðinu.

Þá byggir stefnandi á því að ósamræmis gæti í niðurstöðum Óbyggðanefndar, þar sem við afmörkun á hluta þess svæðis sem hún telji falla undir þjóðlendu sé byggt á dómi landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar um mörk Krýsuvíkur og Gullbringusýslu gagnvart Hafnarfirði, uppkveðnum 14. desember 1971, í máli nr. 329/1964. Sé gildi þessa dóms mótmælt af hálfu stefnanda, en allt að einu hafi mörk Almenningskóga Álftaness verið miðuð við niðurstöðu hans og það þrátt fyrir að enginn eðlismunur hafi verið á notkun þess lands sem sé sunnan við þá línu sem ákveðin var í þeim dómi og þess lands sem Óbyggðanefnd telji falla innan Almenningskóga Álftaness og krafist sé ógildingar á í máli þessu.

Ef ekki verði fallist á framangreint sé á því byggt að þau not sem stefnandi hafi haft af ofangreindu svæði í aldanna rás hafi uppfyllt skilyrði hefðar, aðallega með beinum eignarrétti, sbr. 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, en til vara afnotarétti, skv. 7. gr. laganna. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verði að álíta ljóst að Garðabær (fyrrum hreppur) hafi farið með óslitið eignarhald á Garðalandi og að Garðar hafi átt þennan rétt frá öndverðu. Þá sé enn fremur á því byggt að venjuréttur hafi skapast stefnanda til handa á landsvæðunum, á grundvelli þeirra nota sem stefnandi hafi haft af landinu um langa hríð, m.a. til beitar, upprekstrar, skógartekju, o.fl. Í Lýsingu Garðaprestakalls 1842, eftir Árna Helgason, sé því lýst, að í Almenningskógum Álftaness vaxi hrís, með svokölluðum Undirhlíðum. Í almæli sé að þessi skógur fari aftur, kulni út, en einnig sé gengið á hann árlega, þegar hann sé nýttur til kolgerðar, eldsneytis og fôðurs fyrir nautpening. Segi Árni að Garðar eigi selstöðu í svokölluðu Kirkjulandi sem liggi fyrir ofan byggðina, frá Elliða- og Vatnsendalandi, suður að Krýsuvíkurlandi og upp undir fjöllin. Hafi Garðar haft pening í seli til 1832. Þá minnst Árni á sama stað á að afréttarlönd séu fjöllin milli Árnes- og Gullbringusýslu.

Stefnandi vísar til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt og til meginreglna réttarfars um sönnunarbyrði, m.a. þeirrar reglu að sá sem gerir tilkall til eignar úr höndum annars manns hafi sönnunarbyrðina og til 71. gr. laga nr. 91/1991 um sama efni. Þá er vísað til 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. um skilgreiningu á eignarlöndum. Þá er vísað til laga nr. 46/1905 um hefð, aðallega 1. mgr. 2. gr., sem og til venjuréttar um notkun eignarlandsins án nokkurra takmarkana. Loks vísar stefnandi til 6. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

V.

Framangreindir stefnendur sem höfða málið sem eigendur gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna kveðast halda því fram að Almenningssskógar Álftaness séu sameignarland gamalla lögbýla í Álftaneshreppi hinum forna á svæði sem nefnt hafi verið Almenningssskógar Álftaness og sé eignarland í skilningi 1. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Hafi afréttur þessi verið undirorpinn beinum eignarrétti frá landnámi, eins og Óbyggðanefnd taki reyndar undir í úrskurði sínum, þótt hún telji upphaflegt eignarhald hafa fallið niður.

Stefnendur telja lýsingu á „Almenningssskógum Álftaness“, sem rakin er í kafla II. hér að framan, sanna fullkominn og beinan eignarrétt þeirra að landinu. Orðalagið í landamerkjalyýsingunni bendi til beins eignarréttar og að landið sé í óskiptri sameign landeigenda, enda vart unnt að skilja orðin „sérskilið almennings sameignarland gamalla lögbýlisjarða. í Álftaneshreppi“, „frá skilið annarra eignum“ og „með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna“ með öðrum hætti. Eigendur gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hafa aldrei afsalað eða ráðstafað þessari eign til annarra.

Samkvæmt framangreindri merkjalýsingu sé gerður skýr greinarmunur á því að almenningur Álftaness sé sameiginlega í eigu lögbýlisjarða, en afréttur Seltjarnarness hinsvegar í eigu hreppsins. Af þessu megi ráða að notuð séu mismunandi hugtök um svæðin, eftir því hvernig eignarhaldi á þeim sé háttað. Þessi lýsing á inntaki eignarréttar landeigenda sanni að beinn eignarréttur sé til staðar. Í lýsingu á rétti landeigenda felist allar mikilvægustu heimildir sem eignarréttur geti veitt eigendum. Þannig geti landeigendur bannað öðrum afnot sameignarlandsins þar sem það sé „fráskilið annarra eignum“ og þá séu engin takmörk á afnotarétti þeirra enda fylgi landinu öll þau „herlegheit“ sem þar sé að finna. Almenningssskógarnir hafi aldrei verið almenningur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Í þessu tilviki hafi eignarráð landeigenda verið bundin við lögbýlisjarðir Álftaneshrepps hins forna, eins og merkjalýsingin frá 21. júní 1849 beri með sér. Afréttarland Álftaneshrepps hins forna nái yfir annað og stærra svæði en „Almenningssskóga Álftaness“. Þetta sameignarland lögbýlisjarðanna hafi fyrst og fremst verið nýtt af eigendum sjálfum til hrístöku og skógarhöggs en einnig til beitar. Að sjálfsögðu hefðu landeigendur í skjóli eignarréttar síns getað nýtt landið með öðrum hætti, enda hafi þeir átt landið „með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna“. Hafi þeir ávallt litið á landið sem sína eign og haft þar umráð frá ómunatíð.

Stefnendur byggja einnig á því að það hafi þýðingu við úrlausn þessa máls að svæðið tilheyri ekki „miðhálandi“ samkvæmt almennum málskilningi. Megintilgangur laga nr. 58/1998 um þjóðlendum o.fl. hafi verið að eyða óvissu um eignarhald að miðhálandi landsins eins og frumvarp til laganna hafi verið lagt fyrir Alþingi 1998. Engin óvissa hafi verið um eignarhald þessa svæðis, enda eign eigenda lögbýlisjarðanna samkvæmt þinglýstum gögnum. Land stefnenda sé ekki einu sinni á hálandi og þar að auki á skaga þannig að land sjávarjarða liggi að því sunnanverðu og óskipt land kirkjujarða Garðakirkju, sem allar séu sjávarjarðir, að verulegu leyti að norðanverðu. Landfræðilegar aðstæður mæli því mót að þar geti verið þjóðlenda.

Stefnendur kveðast byggja tilkall sitt til beins eignarréttar að Almenningssskógum Álftaness á þinglýstum heimildum. Leggja þeir áherslu á að sú meginregla gildi í íslenskum rétti að þinglesnum heimildum verði ekki hnekkkt nema fyrir liggi óbyggjandi sönnun þess að þær séu rangar og aðrir hafi frekari rétt. Sá sem vefengi þinglýstar heimildir hafi sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum samkvæmt almennum reglum. Ekki hafi verið ætlunin með þjóðlendulögum að haggja við þessu. Af þessu leiði að stefndi verði að sanna með ótvíræðum hætti að lýsingar eins og þær birtist í þinglýstum heimildum séu rangar ef hann geri eignartilkall til landa innan landamerkja.

Stefnendur kveðast ekki telja að byggt verði á framangreindum landamerkjadómi frá 14. desember 1971, því þeir hafi ekki verið aðilar þess máls, en fullljóst hafi mátt vera hverjir ættu þinglýst sérskilið sameignarland gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi. Hafi borið að stefna þeim, en ella vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Suðurmörk Garðakirkjulands samkvæmt þessum dómi fái ekki staðist, enda hafi hornpunkturinn Markrakagil verið ranglega staðsettur, en hann eigi að vera sá sami og Vatnsskarð (Melrakkaskarð, Markrakagil, Markagil) eins og fram komi í lýsingu í landamerkjabréfi Garðakirkju. Geti það aðeins verið á einum stað, þar sem Krýsuvíkurvegurinn liggur. Telja stefnendur að afmarka beri Álftanesskóga gagnvart kröfum ríkisins þannig: Úr Húsfelli í Þrihnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Úr því í Kistufell, þaðan um Fagradalsbrún í Vatnsskarð (Markarakagil, Melrakkaskarð, Markagil), úr því austur í Hæðstaholt í Dauðadölum og þaðan norður í Húsfell. Merkjalýsingin frá 1849 hafi verið víðtækari norðan Vatnsskarðs (Markrakagils) en það land lendi utan deilusvæðisins. Stefnendur kveðast líta svo á að Garðakirkjuland hafi verið löglega afmarkað með landamerkjabréfi, lögum og þinglýstum sölugemingum og það liggi að landi stefnenda norðvestan til. Dómurinn frá 1971 marki ranga línu og svo sé niðurstaða Óbyggðanefndar sem byggji á honum hrein rökleysa. Geri nefndin minna úr landamerkjalýsingunni frá 21. júní 1849 en efni standi til og finni m.a. að því að hún hafi ekki verið uppáskrifuð af eigendum nágrannajarða. Hér hefði átt að benda á að lýsingin fari heim og saman við þau merki sem þekkt séu umhverfis og að henni hafi verið þinglýst og að henni beri saman við eldri heimildir. Ekki síst hefði átt að benda á að þinglýsingin hafi ekki sætt athugasemdum af annarra hálfu. Þess megi einnig geta í þessu sambandi, að þegar mörk nágrannajarða, svo sem Krýsuvíkur, Herdísarvíkur, Hvaleyjar og eigna Garðakirkju hafi verið ákveðin gagnvart Almenningssskógum Álftaness 1890, hafi ekki fengnar uppáskriftir þegar þinglýstra eigenda gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna þrátt fyrir skýra lagaskyldu þar um. Þegar mörkum Almenningssskóga Álftaness var þinglýst, hafi landamerkjalög nr. 5 frá 17. marz 1882 ekki verið sett og því ekki lagaskylda um að nágrannar hafi skrifað upp á mörk, enda enginn ágreiningur um þau. Þessi lög hafi hins vegar gilt þegar þinglýsingar fyrrgreindra jarða hafi átt sér stað 1890 og hafi eigendum því borið að fá uppáskriftir sem þeir hafi aftur á móti ekki gert.

Þá benda stefnendur á að Óbyggðanefnd ákveði eignarlönd sunnan og norðan megin svæðisins án þess að séð verði að nokkur munur sé á því landi sem lagt sé undir þjóðlendir og því sem talið sé eignarland. Þegar lítill eða enginn munur sé á aðliggjandi eignarlandi geti það leitt til þess að slakað verði á kröfum um sönnun fyrir eignarétti, sbr. dóm Hæstaréttar í Biskupstungnamáli (nr. 48/2004) varðandi land Hóla.

Stefnendur kveða landamerki „Almenningsskóga Álftaness“ gagnvart öðrum jörðum ekki vera umdeild. Hafi framangreind merkjalýsing fullt sönnunargildi um mörk „Almenningsskóga Álftaness“ gagnvart öðrum fasteignum og/eða afréttum. Þar sem merkjalýsingin fái stuðning í eldri heimildum megi fullyrða að uppfyllt séu þau skilyrði sem Hæstiréttur hafi miðað við í sínum dómum í þjóðlendumálum að þurfi til svo að sönnun sé til staðar fyrir eignarlandi. Ekki sé hægt að gera frekari kröfur til landeigenda um sönnun ef höfð sé til hliðsjónar saga landsins og sú takmarkaða skráning fasteigna sem viðgengist hafi hér á landi. Eignarréttarskjal og landamerkjalyýsing Almenningsskóga Álftaness, dags. 21. júní 1849, þinglýst 22. júní 1849 sé með greinarbetri eignarréttarskjölum frá þessum tíma.

Þá benda stefnendur á það að Óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum talið allt eins líklegt að réttur jarða til að brúka skóg í almenningum hafi verið hefðbundinn ítaksréttur. Slíkur réttur hafi verið skilgreindur þannig að hann veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem sé í eigu og umráðum annars eða annarra aðila. Bendi það fremur til þess að almenningurinn hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti. Allt að einu hafi nefndin horfið frá þessum skilningi í niðurstöðum sínum m.a. vegna ætlaðra skoðana ákveðins sýslumanns á eignarréttinum á ofanverðri 19. öld. Þær skoðanir séu ekki réttarskapandi og niðurstaða Óbyggðanefndar um þjóðlendu (eigandalaustr svæði) því ekki á rökum reist. Friðlýsing 1848 og bann við rányrkju í hrísskógum bendi að auki sterklega til eignarréttar.

Að því er varði eignarréttarlegt inntak hugtaksins almenningar, skuli þess getið að í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að það hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar, en hefðbundin greining geri ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hafi allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi og fjöru.

Verði ekki fallist á eignarrétt þeirra og sameigenda á grundvelli fyrrgreindra heimilda, telja stefnendur að þeir hafi öðlast eignarrétt að Almenningsskógum Álftaness fyrir hefð, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Hafi þeir og fyrri eigendur í góðri trú haft öll umráð landsins í árhundraðaraðir. Sé fullnægt öllum skilyrðum hefðar um eignarhaldstíma, virk umráð og huglæga afstöðu og verði því að telja að hefð hafi unnist á umræddu landsvæði. Með hliðsjón af afstöðu eigenda á hverjum tíma og nýtingar þeirra verði að telja að sú hefð hafi verið til eignar á landinu, en ekki aðeins náð til takmarkaðra afnota eða ítaksréttinda.

Stefnendur vísa til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda og til 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einnig vísa þeir til óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, til 1. gr. laga um þjóðlendu o.fl. nr. 58/1998, að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, og 1. gr. laga um landamerki nr. 41/1919, sbr. eldri lög um sama efni.

VI.

Stefnendur, eigendur hluta Selskarðs, byggja að verulegum hluta á málsástæðum sama efnis og eru raktar í næsta kafla hér að framan og er ekki þörf á að endurtaka. Þeir taka enn fremur fram að með landamerkjadómnum frá 1971 hafi suðurmerki Garðakirkjulandsins í eigu Hafnarfjarðarbæjar verið ákveðin. Sé þar ekkert tillit tekið til Álftanesskóga. Nefnd suðurmerki byggi dómurinn aðallega á bréfi Kjartans Sverrissonar, 8. júní 1961, þar sem hann hafi eftir vini sínum, Stefáni heitnum Stefánssyni, þegar hann hafi legið banalegu á Landakotsspítala í Reykjavík, en ekki sé þess getið hvenær það var. Hafi Stefán beðið hann að minnast þess að landamerki Krýsuvíkur væru þriðja gil í fjallinu norður frá Vatnsskarði. Út frá þessu hafi dómurinn sett út þennan stað í lægð norðan í Undirhlíðum. Sé þetta lítil hvílt inn í hlíðina, en ekki skarð eða gil. Sé óskiljanlegt að dómurinn gangi gegn merkjalýsingu sem hafi verið skýr, en byggi á óvissum framburði í niðurstöðum sínum. Hafi dómurinn síðan ákveðið merki landareigna án þess að nokkur væri til andsvara hinum megin markalínunnar.

Óbyggðanefnd geti þess ekki í úrskurði sínum að jörðin Selskarð sé eigandi landsréttinda á svæðinu, þ.e. beitarréttar, sem hafi verið undanskilinn þegar landið var selt. Hafnarfjarðarbær hafi því eignast landið með kvöð um beitarrétt Selskarðs og eigi það því ekki með öllum gögnum og gæðum.

VII.

Réttargæslustefndi Hafnarfjarðarkaupstaður tekur fram að hann sætti sig við úrskurð Óbyggðanefndar. Hann mótmælir því harðlega að Selskarð eigi beitarréttindi innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar og vísar til þess m.a. að þau réttindi hefðu fallið undir gildissvið laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum og þeim ekki verið lýst við lögboðna áskorun. Þá mótmælir hann því að umrætt land sé „fullkomið eignarland hreppsins“ eins og staðhæft sé af stefnanda Garðabæ. Þá breyti hugsanleg skógrækt Skógræktarfélags Garðabæjar á landinu engu um eignarrétt á því, sem þó sé haldið fram af stefnanda. Því sé einnig mótmælt að stefnandi Garðabær hafi með notum af landinu í aldanna rás uppfyllt skilyrði hefðar og enn fremur að venjuréttur hafi skapast honum til handa á landi á grundvelli þeirra nota sem hann hafi haft af því um langa hríð. Að öðru leyti reifar réttargæslustefndi rök fyrir því að landið eigi að úrskurðast innan staðarmarka hans að gengnum dómi og er ekki ástæða til að rekja þau hér.

VIII.

Stefndi íslenska ríkið vísar almennt til úrskurðar Óbyggðanefndar og byggir á sjónarmiðum sem þar koma fram.

Stefndi tekur fram að hluti Almenningskóga Álftaness teljist vera afréttur Álftaneshrepps hins forna. Skógarnir hafi verið afmarkaðir í lýsingu umsjónarmanns þeirra 21. júní 1849. Hluti þeirra liggja innan merkja jarða í Hafnarfirði, innan merkja Krýsuvíkur og innan Ölfushrepps, en um þann hluta sé ekki fjallað í kafla 6.10 í úrskurði Óbyggðanefndar og sé hann utan þeirrar þjóðlendu sem um sé deilt í þessu máli. Úrskurðurinn að þessu leyti fjalli um þann hluta Almenningskóganna sem landamerkjabréf jarða fjalli ekki um og sé utan

marka Ölfushrepps. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1703 sé því lýst að land austan Garðakirkjulands sé afréttur, en umrædd þjóðlenda sé einmitt austan Garðakirkjulands. Skarist merkjalýsing þess samkvæmt landamerkjabréfi 7. júní 1890 og lýsing Almenningssskóganna, en hvorug nái þó inn í hina.

Stefndi telur að orðalag í merkjalýsingu fyrir Almenningssskógana frá 1849 um að um sé að ræða „almennings sameignarland gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi“ vísi ekki til beins eignarréttar, heldur sé sömu merkingar og hugtakið „almannaeign“. Vísi orðalagið til afréttarnota svæðisins fyrir tiltekna jarðir og tengist jarðirnar afréttinum á þann hátt þótt ekki sé um að ræða eignarrétt. Landsvæðið sé ekki jörð og ekki metið til verðs í fasteignamati. Merkjalýsingunni hafi verið þinglýst, en þinglýstur eigandi hafi ekki verið tiltekinn. Við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 hafi landsvæðið talist til almennings eða afrétta miðað við þá eignarréttarlegu flokkun sem stuðst hafi verið við fram til þess.

Stefndi kveður ekki vera til heildstæða merkjalýsingu fyrir afrétt Álftaneshrepps hins forna. Samkvæmt merkjalýsingu Almenningssskóganna gangi Garðakirkjuland inn í land þeirra þannig að hið síðarnefnda sé umlukið þeim að vestan, sunnan og austan. Það landsvæði sem hér sé til skoðunar liggir að Garðakirkjulandi, auk geira sem sé sunnan þess og norðan Krýsuvíkurlands. Landabréf Garðakirkju séu í samræmi við merkjalýsingu Almenningssskóganna.

Stefndi vísar til þess að í framangreindum landamerkjadómi frá 14. desember 1971 sé fjallað m.a. um mörk lands Garðakirkju. Komi þar fram að milli norðurmarka Krýsuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar myndist geiri á því landsvæði sem hafi verið nefnt Leirdalur og Dauðadalir, en markalínur komi fyrst saman í Markrakagili. Sá geiri virðist vera hluti þess landsvæðis sem megi ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur. Þessi dómur standi óhaggaður og sé niðurstaðan bindandi og verði að byggja á honum. Dómnum hafi ekki verið áfrýjað, hann sé endanlegur og verði ekki ómerktur. Komi fram í honum að Markrakagil sé á tilteknum stað, þeim sama og Óbyggðanefnd byggir á.

Suðurmörk svæðisins kveður stefndi miðast við norðurmörk Krýsuvíkur og Ölfusafrétt. Miðist þau þannig við línu frá Markrakagili í Undirhlíðum og þaðan í punkt norðaustan við Litla-Kóngsfell og svo í Bláfjallahorn, en þetta verði ráðið m.a. af framangreindum dómi og dómi Hæstaréttar í máli nr. 2848/1996 frá 10. október 1996.

Að norðaustan markist svæðið samkvæmt merkjalýsingunni frá 1849 af Húsfelli upp á Þríhnjúka og þaðan á suðurenda Bláfells, á milli afrétta Álftaness- og Sel tjarnarneshreppa, en ekki muni vera til heildstæð lýsing á afrétti Seltjarnar neshrepps hins forna.

Í gögnum sem hafi fylgt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 komi fram að austan Garðakirkjulands sé land sem Innnesingar kalli kóngsland, en þar sé landsvæðinu norðan Garðakirkju lýst sem einni heild og ekki gerður greinarmunur á afrétti eða óskiptu landi konungsjarða á Álftanesi annars vegar og Seltjarnarnesi hins vegar.

Stefndi kveður fleiri heimildir ekki vera til um afmörkun Almenningskóga Álftaness og hafi ekki verið gert heildstætt landamerkjabréf um þá við setningu landamerkjatalaga 1882 og 1919. Afréttir Gullbringusýslu séu ekki afmarkaðir í fjallskilareglugerðum.

Merkjalýsing Almenningskóganna frá 1849 hafi ekki verið samþykkt eða staðfest af jarðeigendum og horft hafi verið fram hjá henni við gerð landamerkjabréfa í Grindavík, Ölfusi og Hafnarfirði á ofanverðri 19. öld. Þá hafi ekki verið byggt á henni í dómi Hæstaréttar frá 10. október 1996 í máli nr. 2848/1996, heldur hafi niðurstaða um mörk lögsagnarumdæma sveitarfélaga verið reist m.a. á landamerkja bréfum jarða í Grindavík og Ölfusi. Sé merkjalýsingin einhliða lýsing umsjónarmanns Almenningskóganna og skoðist sem slík. Um eignarhald á Almenningskögum Álftaness sé ekki mikið til af heimildum og tengist þær fyrst og fremst beitarafnotum. Um miðja 19. öld hafi staðið deilur um eignarhald á vesturhluta Almenningskóganna, en ekki sé vitað til að slíkar deilur hafi verið uppi um þann hluta sem hér er fjallað um. Helst komi fram í heimildum að umrætt landsvæði sé eða hafi verið að mestu afréttur, en tengist ekki sérstökum eiganda, en þetta megi ráða af ýmsu, svo sem fyrrnefndri Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, lýsingum Selvogspinga 1840 eftir séra Jón Vestmann, sóknarlýsingu séra Árna Helgasonar frá 1842 og merkjalýsingu Almenningskóganna frá 1849. Í framangreindum landamerkjadómi frá árinu 1971 sé greinilega verið að afmarka eignarland frá afrétti eða almenningi. Við skýrslutökur hjá Óbyggðanefnd hafi komið fram að landsvæðið hefði verið notað sem afréttur, en því hafi nú verið hætt að hluta og landið milli Garðakirkjulands og Krýsuvíkurlands tekið til landgræðslu og skógræktar. Telur stefndi að hafi þetta landsvæði einhvern tíma allt verið háð einkaeignarrétti eftir eða við landnám hafi ekki verið sýnt fram á óslitið eignarhald og yfirfærslu eignarréttinda sem þar kunni að hafa verið stofnað til í öndverðu. Hafi upphaflegt eignarhald þannig fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar orðið til á sama hátt og á ónumdum svæðum. Ekkert liggi fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem til kunni að hafa verið stofnað á svæðinu í upphafi vega. Liggi samhengi eignarréttar og sögu því ekki fyrir. Telji Óbyggðanefnd og byggi stefndi á því, að norðausturhluti Almenningskóga sé afréttur Álftaneshrepps hins forna og að hann sé svokallaður samnotaafréttur og að frásögn í Landnámu um nám í upphafi skipti ekki máli við mat á tilvist beins eignarréttar nú. Hafi ekki verið sýnt fram á að réttur til afréttar Álftaneshrepps hins forna hafi orðið til á annan hátt en að íbúar á svæðinu hafi tekið það til sumarbeitar undir umsjón hreppsins á sama hátt og almennt gerist með samnotaafrétti. Þessi notkun geti ekki verið grundvöllur eignaryfirráða í skilningi eignarréttar, hvorki fyrir eignarhefð né á annan hátt, enda hafi snemma verið settar reglur um afréttarnotkun og fjallskil þarna. Fullyrðingum um venjurétt stefnendum til handa sé mótmælt að öðru leyti en því að hluti svæðisins sé afréttur, en það verði ekki til myndunar á eignarrétti. Liggi ekkert fyrir um að stefnendur eða eigendur þeirra jarða sem tilfærðar séu hafi farið með öll eignarráð á umræddu landi, þrátt fyrir að hluti þess hafi verið nytjaður til sumarbeitar. Fullyrðingar um að þeir hefðu í skjóli eignarréttar síns getað nýtt landið með öðrum hætti séu rangar, enda liggi fyrir að það hafi þeir ekki gert.

Þá kveður stefndi ekki skipta máli að umrætt svæði teljist ekki til hálendis Íslands eða óbyggða, enda þjóðlendulögin og umboð Óbyggðanefndar hvergi einskorðað við hálendi eða miðhálendi landsins. Til forna hafi verið almenningar bæði hið efra og hið ytra, eða á láglandi og hálendi. Sé byggt á því að afréttir, eins og þeir hafi

verið skilgreindir fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi verið þjóðlendur eða jafngildi þeirra þar sem tilteknum jörðum hafi fylgt réttur til afréttarnota.

Stefndi tekur fram að úrskurður Óbyggðanefndar gangi ekki gegn stjórnarskrár vörðum eignarrétti, enda hafi ekki verið sýnt fram á eignarrétt stefnenda að þjóðlendunni, en þar af leiði að enginn sé sviptur eign sinni með úrskurði nefndarinnar. Óbyggðanefnd telji að jarðir í Álftaneshreppi hinum forna muni hafa átt upprekstrarrétt á svæðinu, en hann sé að hluta til fallinn niður, þ.e. á geiranum sunnan Garðakirkjulands og norðan Krýsuvíkur, sem gangi út úr svæðinu til vesturs. Á þetta kveðst stefndi fallast og byggja á því. Eins og landi Garðakirkju sé lýst falli umrætt svæði utan lands hennar, enda sé það niðurstaða nefndarinnar að á landi Garðakirkju sé ekki þjóðlenda.

Stefndi mótmælir kröfu um að málskostnaðarákvörðun Óbyggðanefndar að því er varði Björn Erlendsson verði breytt, sem órökstuddri. Ekkert liggja fyrir um að hún hafi verið óeðlilega lág eða í ósamræmi við aðrar ákvarðanir um málskostnað. Þá kveðst stefndi benda á það að Björn sé ekki aðili að þessu máli. Vísar stefndi til aðildarskorts að því er þetta varðar.

IX.

Björn Erlendsson, sem er einn erfingja db. Erlendar Björnssonar og Katrínar Jónsdóttur og Úlfar Ármannsson, sem er einn stefnenda, gáfu skýrslur fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998 er þjóðlenda landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunnir að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Er ekki áskilið að landsvæði þetta sé á miðhálandinu. Þykir ekki eiga að skýra ákvæðið svo þröngt að það geti ekki tekið til landsvæða annars staðar.

Þann 14. desember 1971 gekk dómur í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu í máli sem Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu höfðu uðu gegn Hafnarfjarðarkaupstað. Var þar dæmt um norðurmörk Krýsuvíkur og suðurmörk Hafnarfjarðarkaupstaðar. Er að framan rakið að stefnendur telja dóminn ekki bindandi og að í honum sé Markkrakagil ranglega staðsett.

Eins og rakið er í úrskurði Óbyggðanefndar var gefin út opinber stefna í þessu máli þar sem hverjum þeim var stefnt sem teldi til réttar yfir landsvæði sem lægi að Krýsuvíkurlandi að norðan og landi Hafnarfjarðarkaupstaðar að austan og sunnan. Nærleggjandi sveitarfélögum var auk þess ritað bréf til að gefa þeim kost á að láta málið til sín taka. Ljóst er hvar landamerkjadómurinn byggir á að örnefnið Markkrakagil sé staðsett og er niðurstaða Óbyggðanefndar miðuð við þann stað. Eru ekki efni til að fallast á það að dómurinn sé ekki bindandi um suðurmörk Garða kirkjulands, sem nefnt er Hafnarfjarðarland í dómnum og norðurmörk Krýsuvíkur. Verður samkvæmt því ekki raskað niðurstöðu Óbyggðanefndar um það hvar þessi mörk liggja. Beitarréttindi, sem eigendur Selskarðs telja til í landi Hafnarfjarðar kaupstaðar (Garðakirkjulandi) falla samkvæmt því utan marka þess svæðis sem Óbyggðanefnd afmarkaði sem þjóðlendu. Ber þegar af þessari ástæðu að hafna kröfum eigenda Selskarðs í þessu máli, að því leyti sem þær eru reistar á greindum beitarréttindum.

Þá segir í nefndum landamerkjadómi, eins og áður greinir, að milli norðurmarka Krýsuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar myndist geiri á því landsvæði sem hafi verið nefnt Leirdalur og Dauðadalir, en markalínur komi fyrst saman í Markrakagili. Sá geiri virðist vera hluti þess landsvæðis sem megi ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur. Þessi geiri, svo og landsvæðið allt, sem um er deilt í þessu máli, er hluti af því svæði sem kallað er hér að framan Almenningssskógar Álftaneshrepps. Er rakin í kafla II. hér að framan merkjalýsing umsjónarmanns almennings Álftaneshrepps, sem var þinglesin 22. júní 1849. Þar tekur umsjónarmaður fram að þar sem honum hafi verið falin umsjón almenningsins orsakist hann til að lýsa takmörkum hans fyrir alþýðu. Í úrskurði Óbyggðanefndar er rakið að þessi merkjalýsing hafi ekki verið samþykkt eða staðfest af jarðeigendum og að fram hjá henni virðist hafa verið horft við gerð landamerkjabréfa jarða á ofanverðri 19. öld, sbr. landamerkjabréf jarða í Grindavík, Ölfusi og Hafnarfirði. Verði að líta á merkjalýsinguna sem einhliða lýsingu umsjónarmannsins á merkjum Almenningssskóga Álftaness. Þá hafi niðurstaða um lögsagnarumdæmi sveitarfélaga í dómi Hæstaréttar 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848) verið m.a. reist á landamerkjabréfum jarða í Grindavík og Ölfusi, en merkjalýsing Almenningssskóganna hafi ekki ráðið þeirri niðurstöðu.

Í greindri merkjalýsingu kemur fram að umsjónarmaðurinn telur það svæði sem hún tekur til vera sérskilið almennings sameignar land gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi. Þá kemur fram síðar í lýsingunni að þetta ofantalið afréttar og almennings land, sem sé að finna fráskið annarra eignum lýsi hann til réttarins fullkomnari úrskurðar gamalla lögbýlisjarðajarða afrétt að öðru leyti almenningsland í Álftaneshreppi með öllum herlegheitum sem þar er að finna.

Fallast verður á það að hér er um einhliða lýsingu að ræða. Líta verður til þess að í henni er í fyrstu notað orðalagið „sérskilið almennings sameignarland“, síðan „afréttar og almenningsland“ og loks „afrétt að öðru leyti almenningsland“. Þá verður að líta til þess að tilgangur yfirlýsingarinnar er samkvæmt upphafi hennar að lýsa takmörkum almenningsins fyrir alþýðu. Verður að skoða þessa yfirlýsingu sem þinglýsta yfirlýsingu umsjónarmannsins um takmörk þess svæðis sem hann taldi sig hafa umsjón með, en ekki sem beina eignarheimild að því, heldur vísi það fremur til afréttarnota, með öllum herlegheitum sem þeim tilheyra.

Með tilliti til þessa og þess að framhjá merkjalýsingunni hefur verið horft við gerð landamerkjabréfa eins og rakið var hér að framan verður ekki á það fallist með stefnendum að greind yfirlýsing feli í sér beina eignarheimild að því landsvæði sem þetta mál tekur til.

Í úrskurði Óbyggðanefndar er rakið að fyrirliggjandi heimildir um þetta svæði séu fábrotnar og mun færri en um vestur- og suðurhluta Almenningssskóganna. Tengist þær flestar beitarafnotum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segi um landsvæðið austan Garðakirkjulands að það sé „...eigi sjerdeilis kóngsland, þó það svo kallað sje, heldur er það so sem afrjettur eða óskipt land þeirra kóngsjarðanna sem liggja upp og inn undan Álftanesi. Í Jarðabókinni sé einnig getið um réttindi jarða í Álftaneshreppi til skógartekju í almenningum. Í lýsingum Selvogspinga 1840 eftir séra Jón Vestmann segi um Stórkonugjá sem liggur suðaustan við Litla-Kóngsfell: „Annars er pláss þetta, eins og fjallgarðurinn vestanvert efsta og fjarsta afréttarpláss Álptnesinga...“

Rétt er í þessu samhengi að geta þess að í lýsingu Garðaprestakalls 1842, eftir Árna Helgason, kemur fram að hris vaxi með svokölluðum Undirhlíðum. Sé í almæli að þessi skógur fari aftur, kulni út, en sé einnig gengið á hann árlega. Vestasti oddi þess svæðis sem Óbyggðanefnd taldi þjóðlendu í því máli sem hér er til umfjöllunar, er í Markrakagili vestan í Undirhlíðum. Hafa þar verið skógarnot samkvæmt þessari heimild, en leggja verður til grundvallar að svæðið hafi fyrst og fremst verið til beitarafnota.

Landamerkjadóms frá árinu 1971 er áður getið. Svo sem fyrr segir eru norðurmörk Krýsuvíkur afmörkuð með þeim dómi og liggur hluti þess svæðis sem merkjalýsingin tekur til í landi Krýsuvíkur samkvæmt honum. Verður ekki á því byggt að vegna þess að land Krýsuvíkur sunnan línunnar var ekki talið þjóðlenda eigi hið sama að gilda um land norðan hennar með vísan til þess að eðlismunur hafi ekki verið á notkun þess.

Þegar framangreint er virt, er það mat dómsins að ekki verði hnekkkt niðurstöðu Óbyggðanefndar þess efnis að norðausturhluti Almenningskóga Álftaness hafi við gildistöku þjóðlendulaga talist til almenninga eða afrétta samkvæmt þeirri eignar réttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við á þeim tíma.

Í úrskurði Óbyggðanefndar er rakið að við skýrslutökur hjá nefndinni hafi Björn Erlendsson og Úlfar Ármannsson gert grein fyrir upprekstri á það landsvæði sem hér er fjallað um. Af skýrslum þeirra megi ráða að landsvæðið hafi verið nýtt sem afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna. Þess beri að gæta að upprekstri á svæðið hafi nú verið hætt og hluti þess tekinn undir skógrækt. Þann 5. júlí 1995 hafi Landgræðsla ríkisins, Reykjanesfólkvangur, Bessastaðahreppur og Garðabær gert með sér samning um landgræðslu í afrétti Garðabæjar og Bessastaðahrepps, meðal annars í Leirdal. Fjórum árum síðar hafi Skógræktarfélag Garðabæjar, Skógræktarfélag Álftaness, Skógræktarfélag Íslands, bæjarstjóri Garðabæjar og sveitarstjóri Bessastaðahrepps gert samning, dagsettan 11. júní 1999, um ræktun Landgræðsluskóga í Leirdal og hæðunum í grennd innan um Almenningskóga Álftaneshrepps. Í síðarnefnda samningnum hafi aðkoma sveitarfélaganna verið á þeim grundvelli að þau væru eigendur eða umráðamenn landsvæðisins. Í samningnum sé tekið fram að svæðið sé mjög rýrt, lítt gróið og skóglaut. Hafi það verið afmarkað af mörkum Hafnarfjarðar að norðan með línu sem dregin var úr Markagili norðan Háuhnúka í Hæstaholt á Dauðadölum. Að sunnan hafi það verið afmarkað með línu úr Fjallinu eina. Syðsti hluti svæðisins liggja því innan merkja Krýsuvíkur. Óbyggðanefnd telur ekki að af samningum þessum eða þeirri nýtingu, sem fram hafi farið á grundvelli þeirra, verði neinar ályktanir dregnar um eignarréttindi umræddra sveitarfélaga eða annarra aðila. Með hliðsjón af framangreindum samningi um skógrækt á svæðinu frá 1999, sem engan veginn fari saman við sauðfjárbætur, megi hins vegar líta svo á að landsvæðið milli Garðakirkjulands og Krýsuvíkur hafi verið tekið úr hefðbundnum afréttarnotum.

Með vísan til þessara forsendna Óbyggðanefndar og síðan þeirra sem raktar eru orðrétt í kafla II. hér að framan verður niðurstaða hennar, um að afréttarlandið verði ekki talið eignarland, staðfest. Þá verður ekki heldur fallist á að venjuréttur hafi myndað eignarétt á svæðinu.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnenda í málinu. Rétt þykir að málskostnaður falli niður milli stefnenda og réttargæslustefnda.

Með vísan til þess að Björn Erlendsson á ekki sjálfstæða aðild að málinu verður að sýkna stefnda af kröfu um að honum verði dæmdur kostnaður vegna reksturs máls fyrir Óbyggðanefnd.

Stefnendur hafa allir gjafsóknarleyfi. Verða þeir ekki dæmdir til að greiða stefnda málskostnað. Allur gjafsóknarkostnaður þeirra greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. gjafsóknarlaun lögmanna eins og þau eru ákveðin í dómsorði. Virðisaukaskattur er þar með talinn.

Dóminn kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður milli stefnenda og réttargæslustefnda Hafnarfjarðarkaup staðar.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutnings þóknun lögmanna stefnanda Garðabæjar, Ásu Ólafsdóttur hrl., 1.200.000 krónur og lögmanna annarra stefnenda, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 1.600.000 krónur.